Aðalfundur foreldrafélags Stóru-Vogaskóla

11. nóvember 2026 kl. 19:30 í Stóru-Vogaskóla

Mættir fyrir hönd stjórnar: Henríetta Ósk Melsen (formaður), Kristín Eva Harðardóttir og Hulda Blöndal.

Aðrir fundagestir: 4

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Lagabreytingar
4. Reikningar lagðir fram til samþykktar
5. Kosning stjórnar
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
7. Kosning fulltrúa í Skólaráð
8. Önnur mál

Formaður bíður fólk velkomið og setur fundinn.

1. **Kosning fundarstjóra og fundaritara**. Henríetta stingur uppá Hilmari sem fundarstjóra. Fundurinn samþykkir Hilmar sem fundarstjóra , sem lýsir fundinn löglegan. Hilmar skrifar einnig fundargerð.
2. **Skýrsla stjórnar**. Formaður fer yfir skýrslu stjórnar, umræður í kjölfarið.
3. **Lagabreytingar**. Engar lagabreytingar lagðar fram.
4. **Reikningar lagðir fram til samþykktar**. Fyrir hönd gjaldkera fer Henríetta yfir reikninga félagsins frá síðasta ári. Reikningar samþykktir.
5. **Kosning stjórnar**. Henríetta, Kristín Huld, Helga Rún og Hulda gefa áfram kost á sér til stjórnarsetu. Úr stjórn gengur Kristín Eva Harðardóttir og eru henni þökkuð sín störf. Það vantar einn til viðbótar í stjórnina sem Henríetta formaður gengst í að finna.
6. **Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga**. Sindri Jens Freysson og Kristín Eva Harðardóttir eru kosin skoðunarmenn reikninga.
7. **Kosning fulltrúa í skólaráð**. Katrín Huld og Hulda Blöndal voru kosnar í skólaráð Stóru-Vogaskóla sem fulltrúar foreldra. Fulltrúar foreldrafélagsins í skólaráði skulu vera tveir.
8. **Önnur mál**.
    - Skólastjóri bendir foreldrafélaginu á að senda fundargerðir foreldrafélagsins yfir skólaárið til birtingar á heimasíðu skólans.
    - Foreldrafélagið leggur til hækkun á félagsgjöldum fyrir skólaárið, úr 3.500 kr í 4.000 kr. Samþykkt. Fjölskylda með fleiri en eitt barn í skóla greiða einungis eitt gjald. Rukkun félagsgjalda var ekki send út á foreldra á síðasta tímabili.
    - Skólastjóri stiklaði á stóru varðandi skólamálin, símafrið vegna nýrrar reglugerðar, sérkennslumál, frístundarmál, húsnæðismál o.fl.

- Umræður um gagnlega fyrirlestra og uppákomur yfir skólaárið, bekkjarfulltrúa, foreldrarölt, foreldrafundi bekkja o.s.frv.
- Rætt hvort hægt sé að virkja 10. bekkinga í útigæslu, aðstoða og kenna leiki. Skólastjóri sagði frá Vinaliðaverkefni sem var í gangi í skólanum í frímínútum um árabil. Verkefnið gekk út á að elstu bekkingar aðstoðuðu og kenndu yngri nemendum leiki í frímínútum. Tekin var ákvöðun um að hvíla verkefnið á sínum tíma þar sem því var verr og verr sinnt af hálfu eldri nemenda. Það gerðist á svipuðum tíma og símar fóru að vera í almennri eigu og oftar í vösum eldri nemenda.

Fundi slitið kl. 20:45
Fundarritari: Hilmar Egill Sveinbjörnsson
Skólastjóri Stóru-Vogaskóla